

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 62 (5.9.2022) - Aðalskipulagsbreyting, Seyðisfjörður, Fjarðarheiðargöng

Málsnúmer : 202105090
Málsaðili : Múlaþing
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 05.09.2022

Inngangur : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur samantekt á umsögnum og athugasemdum sem bárust við kynningu vinnslutillögu breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna Fjarðarheiðarganga. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út þann 25. ágúst síðastliðinn.

Niðurstaða : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur samantekt á umsögnum og athugasemdum sem bárust við kynningu vinnslutillögu breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna Fjarðarheiðarganga. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út þann 25. ágúst síðastliðinn.
Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að unnin verði tillaga að breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar á grundvelli fyrirbyggjandi vinnslutillögu að teknu tilliti til athugasemda og umsagna sem unnið verði úr í samráði við Vegagerðina og umsagnaraðila.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.